## SJÓNVARPIÐ

16.00 **Íþróttaþátturinn.** Sýnt verður frá leikjum í ensku knattspyrnunni og úrslit dagsins birt um leið og þau berast. Einnig verður greint frá innlendum íþróttaviðburðum.
18.00 **Dvergaríkið (15)** (La Llamada de los Gnomos). Spænskur teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Þýðandi Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
18.25 **Bangsi bestaskinn** (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Leikraddir Örn Árnason.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Háskaslóðir** (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.30 **Hringsjá.** Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.
20.30 **Lottó,** framhald.
20.35 **Stúfur** (Sorry). Nýr, breskur gamanmyndaflokkur með Ronnie Corbett í hlutverki Timothy Lumsden sem er piparsveinn á fimmtugsaldri. Hann býr ennþá hjá móður sinni sem á erfitt með að sætta sig við að hann sé ekki lengur litli drengurinn hennar mömmu sinnar. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.
21.05 **Kvikmyndahátíð 1989.** Umsjón Hilmar Oddsson og Friðrik Þór Friðriksson.
21.15 **Draumabarnið** (Dreamchild). Bresk bíómynd frá 1985. Leikstjóri Gavin Millar. Aðalhlutverk Coral Brown, Ian Holm og Peter Gallagher. Lewis Caroll skrifaði söguna um Lísu í Undralandi fyrir unga stúlku. Þessi stúlka, sem orðin er háöldruð, kemur til Ameríku til að vera viðstödd athöfn þar sem minnst er aldarafmæli skáldsins. Hún botnar ekkert í því umstangi sem menn viðhafa við komu hennar til New York. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.
22.45 **Dauðinn í fenjunum** (Southern Comfort). Bandarísk bíómynd frá 1981. Leikstjóri Walter Hill. Aðalhlutverk Keith Carradine og Powers Booth. Þjóðvarðliðar nota fenjasvæðin í Louisiana fyrir æfingar sínar. Fólkið, sem býr þar, tekur þessum mönnum illa og brátt breytist dvöl þjóðvarðliðanna í martröð. Þýðandi Þorsteinn Þórhallsson. Myndin er ekki við hæfi barna.
0.25 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

9.00 **Með Afa.** Afi segir okkur sögur og teiknimyndirnar sem við sjáum í dag eru Amma, Grimms-ævintýri, Blöffarnir, Snorkarnir, Óskaskógur og nýja teiknimyndin Skollasögur. Allar myndirnar eru með íslensku tali.
10.30 **Denni dæmalausi.** Þessi bráðskemmtilegi strákpjakkur ætlar að skemmta ykkur, krakkar mínir, í vetur.
10.50 **Henderson-krakkarnir.** Vandaður ástralskur framhaldsflokkur um systkinin Tam og Steve sem nú eru flutt til borgarinnar. Fimmti þáttur af tólf.
11.20 **Sigurvegarar.** Sjálfstæður ástralskur framhaldsmyndaflokkur í átta hlutum. Þriðji þáttur.
12.15 Fréttir fyrir heyrnarlausa. Nýr fréttaþáttur fyrir heyrnarlausa, þar sem fluttar verða fréttir síðastliðinnar viku.
12.40 **Ástaróður.** Penny Serenade. Augu þeirra mættust og það varð ást við fyrstu sýn. Cary Grant og Irene Dunne fara á kostum í þessri hugljúfu mynd. Aðalhlutverk: Cary Grant og Irene Dunne. Leikstjórn: George Stevens.
14.40 **Örlagaríkt ferðalag.** A Few Days In Weasel Creek. Ungur maður á sér þann draum heitastan að komast til Texas. Til þess að ganga í augun á ungri stúlku, sem verður honum samferða, grípur hann til þess ráðs að ljúga til um uppruna sinn. Aðalhlutverk: Mare Winningham, John Hammond, Kevin Geer og Nicholas Pryor.
16.05 **Falcon Crest.** Bandarískur framhaldsmyndaflokkur.
17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Meðal annars verður litið yfir íþróttir helgarinnar, úrslit dagsins kynnt, sýnt frá stórmóti Stöðvar 2 í keilu sem fram fór í Keilulandi o.fl. skemmtilegt. Umsjón Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
20.00 **Heilsubælið í Gervahverfi.** Íslensk grænsápuópera í átta hlutum. Þriðji þáttur. Aðalhlutverk: Edda Björgvinsdóttir, Þórhallur Sigurðsson, Júlíus Brjánsson, Pálmi Gestsson og Gísli Rúnar Jónsson.
20.30 **Kofi Tómasar frænda.** Uncle Tom's Cabin. Með hugrekki sínu og einlægni stendur Tómas frændi af sér margan þrælahaldarann og leggur líf sitt að veði til að koma systkinum sínum til bjargar. Aðalhlutverk: Avery Brooks, Phylicia Rashad, Bruce Dern og Edward Woodward.
22.15 **Undirheimar Miami.** Miami Vice. Þá eru þeir félagarnir Crockett og Tubbs komnir aftur eftir langt hlé. Aðalhlutverk: Don Johnson og Philip Michael Thomas.
23.20 **Heima er best.** Fly Away Home. Víetnam-stríðið. Vígvellir hrjáðra hermanna sem í raun var varla farin að vaxa grön. Að komast heim aftur var ofarlega í hugum þessara ungu hetja sem stjórnvöld sendu út í opinn dauðann. Aðalhlutverk: Bruce Boxleitner, Tiana Alexandra og Michael Beck.
0.55 **Svo bregðast krosstré...** Infidelity. Eliot nýtur mikillar virðingar sem læknir. Hún vinnur við rannsóknarstörf. Aðalhluverk: Kirstie Alley, Lee Horsley, Laurie O'Brien og Robert Englund.
2.30 **Bang, þú ert dauður.** Peng, Du bist tod. Andreu, þýskukennara frá Boston, býðst að heimsækja Þýskaland. Í flugvélinni kynnist hún Peters, eldri manni sem sérhæfir sig í tölvuleikjum. Þegar til Þýskalands er komið ætlar Andrea að kveðja ferðafélaga sinn sem þá er á bak og burt. Aðalhluverk: Ingolf Luck, Rebecca Pauly og Hermann Lause.
4.05 **Dagskrárlok**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Sigurður Helgi Guðmundsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Góðan dag,** góðir hlustendur. Pétur Pétursson sér um þáttinn. Fréttir sagðar kl. 8.00, þá lesin dagskrá og veðurfregnir sagðar kl. 8.15. Að þeim loknum heldur Pétur Pétursson áfram að kynna morgunlögin.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn á laugardegi** – Ástarsaga úr fjöllunum eftir Guðrúnu Helgadóttur. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir. (Einnig útvarpað um kvöldið klukkan 20.00.)
9.20 **Morguntónar.** Píanósónata nr. 13 í Es-dúr eftir Ludwig van Beethoven. Emil Gilels leikur á píanó. 9.40 Þingmál. Umsjón: Arnar Páll Hauksson.
10.00 **Fréttir.**
10.03 **Hlustendaþjónustan.** Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Rásar 1, Rásar 2 og Sjónvarpsins.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Vikulok.** Umsjón: Einar Kristjánsson og Valgerður Benediktsdóttir. (Tilkynningar kl. 11.00.)
12.00 **Tilkynningar.**
12.10 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá laugardagsins í Útvarpinu.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.00 **Hér og nú.** Fréttaþáttur í vikulokin.
14.00 **Leslampinn.** Þáttur um bókmenntir. Umsjón: Friðrik Rafnsson.
15.00 **Tónelfur.** Þáttur um tónlist og tónmenntir á líðandi stund. Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir og Pétur Grétarsson.
16.00 **Fréttir.**
16.05 **Íslenskt mál.** Jón Aðalsteinn Jónsson flytur þáttinn. (Einnig útvarpað á mánudagsmorgun kl. 9.30.)
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Tónlist.**
16.30 **Leikrit mánaðarins:** Óskastund sem aldrei varð eða Fundur heiðursmannanna Bachs og Händels árið 1747 eftir Paul Barz. Þýðandi: Franz Gíslason. (Einnig útvarpað annað sunnudagskvöld kl. 19.31.)
17.40 **Tónlist eftir Sergei Rakhmaninov.** ●Eyja hinna dauðu op. 29. ●Vókalísa op. 34. Sinfóníuhljómsveit Lundúna leikur; André Previn stjórnar.
18.10 **Gagn og gaman.** Þáttur um börn og bækur.
18.35 **Tónlist.** Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Ábætir.** ●I Salonisti leikur argentíska tangóa og serenöðu eftir Enrico Toselli. ●Salonorchester Cölln leikur verk eftir Louis Ganne og Ernest Gillet. (Af hljómplötum.)
20.00 **Litli barnatíminn** – Ástarsaga úr fjöllunum eftir Guðrúnu Helgadóttur. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Vísur og þjóðlög.**
21.00 **Gestastofan.** Inga Rósa Þórðardóttir tekur á móti gestum á Egilsstöðum.
22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Dansað með harmónikuunnendum.** Saumastofudansleikur í Útvarpshúsinu. Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
23.00 **Góðvinafundur.** Endurnýjuð kynni við gesti á góðvinafundum í fyrravetur. (Endurtekinn þáttur frá liðnum vetri.)
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Um lágnættið.** Sigurður Einarsson kynnir sígilda tónlist.
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

8.10 **Á nýjum degi** með Margréti Blöndal. (Frá Akureyri.)
10.03 **Nú er lag.** Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Rásar 1, Rásar 2 og Sjónvarpsins.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
13.00 **Ístoppurinn.** Óskar Páll Sveinsson kynnir.
14.00 **Klukkan tvö á tvö.** Ragnhildur Arnljótsdóttir og Rósa Ingólfsdóttir.
16.05 **Söngur villiandarinnar.** Leikin verða íslensk dægurlög frá fyrri tíð.
17.00 **Fyrirmyndarfólk** lítur inn hjá Þorsteini J. Vilhjálmssyni, að þessu sinni tveir félagar úr Félagi heyrnarlausra.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
20.30 **Úr smiðjunni.** Sigurður Hrafn Guðmundsson segir frá gítarleikaranum Jim Hall og leikur tónlist hans. (Einnig útvarpað aðfaranótt laugardags kl. 7.00.)
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Bitið aftan hægra.** Lísa Pálsdóttir.
2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Ístoppurinn.** Óskar Páll Sveinsson kynnir. (Endurtekinn frá deginum áður.)
3.00 **Rokksmiðjan.** Sigurður Sverrisson. (Endurtekið úrval þáttarins frá fimmtudagskvöldi.)
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Undir værðarvoð.** Ljúf lög undir morgun. Veðurfregnir kl. 4.30.
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Af gömlum listum.** Lög af vinsældalistum 1950–1989.
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
7.00 **Morgunpopp.**

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **FÁ.**
14.00 **FG.**
16.00 **IR.**
18.00 **MH.**
20.00 **MS.**
22.00 **FB.**
24.00 **Næturvakt í umsjón IR.** Óskalög & kveðjur, sími 680288.
4.00 **Dagskrárlok.**

## FM 98,9 BYLGJAN

9.00 **Pétur Steinn Guðmundsson.** Athyglisverðir og vel unnir þættir um allt milli himins og jarðar, viðtöl við merkilegt fólk sem vert er að hlusta á.
13.00 **Íþróttadeildin** með nýjustu frétir úr sportinu.
16.00 **Bjarni Dagur Jónsson.** Ljúf dagskrárstund með þessum vinsæla útvarpsmanni, þar sem hann leikur tónlist og fær menn í viðtöl. Sveitatónlist í hávegum höfð.
22.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson.** Strákurinn er búinn að dusta rykið af bestu diskósmellum síðustu ára og spilar þau ásamt því að skila kveðjum til hlustenda.
3.00 **Næturvakt Bylgjunnar.**

## STJARNAN 98,9

7.00 **Felix Bergsson.**
12.00 **Steinunn Halldórs.**
15.00 **Á laugardegi.** Stefán Baxter og Nökkvi Svavarsson.
18.00 **Kiddi Bigfoot. „Partí – ball."**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
3.00 **Nökkvi Svavarsson.**

## SKY One

5.00 **Poppþáttur.**
6.00 **Gríniðjan.** Barnaþættir.
10.00 **Trans World Sport.** Íþróttaþáttur.
11.00 **Veröld Frank Bough's.** Heimildamynd.
12.00 **Jameson's Week.** Rabbþáttur.
13.00 **Fjölbragðaglíma (Wrestling).**
14.00 **The Bionic Woman.** Spennumyndaflokkur.
15.00 **50 vinsælustu lögin.**
16.00 **Dolly.** Tónlistarþáttur.
17.00 **Tónleikar** Hljómsveitin Bros á tónleikum.
19.00 **The Human Factor** Kvikmynd.
21.00 **Fjölbragðaglíma. (Wrestling)**
22.00 **Fréttir.**
22.30 **Poppþáttur.**

## SKY MOVIES

13.00 **Eleni.**
15.00 **Off Beat.**
17.00 **Star Wars.**
19.00 **I Know My Name is Stephen, part 2.**
21.00 **Porky's.**
22.45 **9½ Weeks.**
00.45 **Bad Manners.**
03.00 **The Emerald Forest.**

## EUROSPORT

9.00 **Fótbolti. Evrópukeppnin.**
10.00 **Golf.** The German Masters, leikið í Stuttgart.
12.00 **Tennis.** Keppni atvinnumanna innanhúss í Sviss.
14.00 **Hafnabolti.** Keppni atvinnumanna í Bandaríkjunum.
15.00 **Rugby.** Ástralska deildin.
16.00 **Lyftingar.** Heimsmeistarakeppnin í Grikklandi.
17.00 **Trans World Sport.** Fréttatengdur íþróttaþáttur.
18.00 Hjólreiðar. Það helsta úr Nissan Classic sem fram fór á Írlandi.
19.00 **Golf.** The German Masters, leikið í Stuttgart.
21.00 **Tennis.** Keppni atvinnumanna innanhúss í Sviss.
23.00 **Lyftingar.** Heimsmeistarakeppnin í Grikklandi.

## SUPER CHANNEL

5.00 **Teiknimyndir.**
10.00 **Tónlist og tíska.**
11.00 **Tourist Magazine.** Ferðaþáttur.
12.30 **Tónlist og tíska.**
13.00 **Charlie Chaplin.**
13.30 **Poppþáttur**
14.30 **The Big Valley.** Vestramyndaflokkur.
15.30 **Dick Powell Theatre.**
16.30 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
17.30 **Íþróttir.**
19.30 **Snóker.**
20.30 **Algiers.** Kvikmynd.
23.40 **Warp Speed.** Kvikmynd.



**Laurie O'Brien, Kirstie Alley og Lee Horsley í hlutverkum sínum í Svo bregðast krosstré...**

### Stöð 2 kl. 0.55:

# Svo bregðast krosstré...

Svo bregðast krosstré... (Infidelity) er rómantísk kvikmynd með dramatískum söguþræði. Fjallar myndin um hjónin Nick og Eliot. Hann er þekktur ljósmyndari og hún er læknir. Þau eiga eina dóttur og von er á öðru barni. Meðan Nick dvelur í Nepal við ljósmyndatöku missir Eliot barnið. Við það breytist hún og þau fjarlægjast hvort annað. Eliot kennir Nick að hluta til um hvernig komið er.

Lee Horsley og Kirstie Alley, sem leika Nick og Eliott, eru bæði þekktir sjónvarpsleikarar sem áhorfendur ættu að þekkja. Þá má geta þess að í einu aukahlutverkinu er Robert Englund sem leikur Freddy Krueger í Martraðarmyndunum á Elmstræti. Áhorfendur eiga sjálfsagt í vandræðum með að þekkja hann því ólíkur er hann Freddy í útliti.

-HK

### Stöð 2 kl. 20.30:

# Kofi Tómasar frænda

Kofi Tómasar frænda er einhver frægasta skáldsaga sem samin hefur verið er fjallar um þrælahald í Bandaríkjunum. Myndin snýst um gæðablóðið Tom frænda sem með hugrekki og trú hjálpar öðrum að flýja þótt hann búi sjálfur við þröngan kost og harðræði. Hann leggur líf sitt að veði hvað eftir annað við að hjálpa öðrum.

Úrvals leikarar eru í aðalhlutverkum. Fyrst ber að telja Avery Brooks er leikur Tom frænda. Þá leikur Phylicia Rashad Elizu en Phylicia er betur þekkt sem móðirin í Fyrirmyndarföður. Þrælahaldarann og hörkutólið Simon Leegree leikur Edward Woodward, bjargvætturinn í samnefndum þáttum, og Bruce Dern leikur St. Clare. -HK

### Rás 1 kl. 14.00:

# Leslampinn

Leslampinn er nýr bókmenntaþáttur sem verður á dagskrá rásar 1 á laugardögum í vetur. Í þættinum blandast saman viðtöl við erlenda og innlenda rithöfunda, lestur úr skáldverkum, gagnrýni og umræða um það sem hæst ber hverju sinni í töfraheimi bókmenntanna.



**Friðrik Rafnsson, umsjónarmaður Leslampans.**

Íslenskar bókmenntir verða vitaskuld í öndvegi, en heimsbókmenntir fyrr og nú munu þó skipa veglegan sess í þættinum. Sem dæmi um það sem koma skal má nefna einkaviðtal við marokkóska rithöfundinn Tahar Men Jelloun, en hann er einn vinsælasti rithöfundur hins arabíska menningarsvæðis um þessar mundir.

### Sjónvarp kl. 20.35:

# Stúfur

Timothy Lumsden er rétt rúmlega fertugur, ungur í anda, einhleypur, í góðu starfi og hefur leiklist að áhugamáli. Þar fyrir utan hefur hann næmt auga fyrir fallegu kvenfólki. Þar sem Timothy er búinn öllum þessum kostum ætti lífið að vera leikur einn fyrir hann og það væri það ef hann ætti ekki stjórnsama móður.

Vandamálið er að Timothy býr enn í föðurhúsum þar sem móðir hans stjórnar með harðri hendi. Faðir hans hefur fyrir löngu aðlagað sig settum reglum og hefur Timothy ekki áhyggjur af honum. Annað mál er með móður hans. Hún neitar að viðurkenna að litli drengurinn hennar sé orðinn fullorðinn og Timothy sættir sig oftast við stjórnsemi hennar.

Það er einn þekktasti gamanleikari Breta, Ronnie Corbett, sem leikur Timothy og var hlutverkið sérstaklega samið fyrir hann. -HK